



## **261. fundur stjórnar Sorpstöðvar Suðurlands, haldinn í Ráðhúsi Ölfuss, föstudaginn 10. nóvember 2017 kl. 12:30.**

Mætt:

Jón G. Valgeirsson, formaður, Ari B. Thorarensen, Einar Bjarnason (varamaður), Ágúst Sigurðsson og Ásta Stefánsdóttir, sem ritaði fundargerð.

Formaður setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna.

### **Dagskrá:**

#### **1. Stjórn skiptir með sér verkum.**

Formaður lagði til að verkaskipting yrði óbreytt, þannig að Anna Björg Níelsdóttir verði varaformaður og Ásta Stefánsdóttir verði ritari. Var það samþykkt samhljóða.

#### **2. Samingur við SASS.**

Lögð voru fram samningsdrög sem stjórn samþykkir og felur formanni að undirrita.

#### **3. SASS. Kortlagning úrgangspjónustu á Suðurlandi.**

Farið var yfir upplýsingar úr könnun vegna úrgangspjónustu.

#### **4. Endurskoðun svæðisáætlunar um meðhöndlun úrgangs.**

Stjórn hvetur aðildarsveitarfélög til að taka þátt í könnun sem hefur verið send út vegna endurskoðunar svæðisáætlunar.

#### **5. Orkugerðin**

Formaður kynnti stöðu mála hjá Orkugerðinni. Vegna beiðni Orkugerðarinnar um hlutfjár aukningu samþykkir stjórn að halda félagsfund (aukaaðalfund) sbr. grein 1.3 í samþykktum. Fundurinn verði haldinn föstudaginn 15. desember n.k. kl. 13 að Austurvegi 56, Selfossi. Sveitarstjórnun og stjórn Sorpstöðvar Rangæinga verður sent erindi þar sem óskað verður eftir að tilnefndir verði fulltrúar á fundinn.

#### **6. Viðræður við SSH.**

Formaður ræddi um efni fundar með SSH (Samtökum sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu), eigendum Sorpu bs. sem haldinn verður í framhaldi af stjórnarfundum.

#### **7. Tillögur stjórnar SOS um úrgangsmál á Suðurlandi.**

Stefán Gíslason, umhverfisstjórnunarfræðingur, kom á fundinn. Stjórn samþykkir að ganga til samninga við Stefán um áframhaldandi vinnu fram í júní n.k. fyrir Sorpstöðina til samræmis við þær tillögur sem samþykktar voru á aðalfundi í sl. mánuði. Rætt var um einstök verkefni út frá tillögunum.

**8. Önnur mál.**

Á síðustu misserum hafa formaður og e.a. aðrir stjórnarmenn sótt fjölmarga fundi utan stjórnarfunda vegna vinnu fyrir SOS. Rætt var um greiðslu fyrir slíka fundi. Stjórn samþykkir að greiða fyrir setu á fundum sem stjórnarmenn sækja, svo og fyrir akstur sem tengist þeim.

Stefnt er að næsta fundi fimmtudaginn 14. desember, kl. 14 að Austurvegi 56, Selfossi.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 14:00.

Jón G. Valgeirsson  
Einar Bjarnason  
Ásta Stefánsdóttir

Ari B. Thorarensen  
Ágúst Sigurðsson

